

Skeljungur:

Ársuppgjör 2019

GÓÐUR ÁRSFJÓRÐUNGUR HJÁ SKELJUNGI

Helstu lykiltölur og niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2019

- Framlegð nam 2.046 m.kr. og hækkaði um 11,0% milli ára.
- EBITDA nam 512 m.kr. og jókst um 42,3% frá 2018.
- Aðlöguð EBITDA nam 454 m.kr. og jókst um 26% frá 2018.*
- EBITDA sem hlutfall af framlegð var 25% en 19,5% 2018.
- Hagnaður nam 77 m.kr. í samanburði við 1 m.kr. tap 2018.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.285 m.kr. í samanburði við 7 m.kr. 2018.

*Leiðrétt fyrir áhrifum IFRS 16 á tímabilinu

Helstu lykiltölur og niðurstöður ársins 2019

GOTT ÁR HJÁ SKELJUNGI - BESTA REKSTRARÁR MAGN Í FÆREYJUM FRÁ UPPHAFI

- Framlegð ársins nam 8.703 m.kr. og hækkaði um 11,4% frá fyrra ári.
- EBITDA ársins nam 3.422 m.kr. og hækkaði um 4,9% milli ára.
- Aðlöguð EBITDA ársins var 3.225 m.kr. og hækkaði um 67 m.kr. milli ára.**
- EBITDA sem hlutfall af framlegð ársins 2019 var 39,3% en 41,8% árið áður.
- Hagnaður ársins 2019 nam 1.409 m.kr. og í samanburði við 1.573 m.kr. á árinu 2018.
- Hagnaður á hvern hlut var 0,70 krónur í samanburði við 0,76 krónur á árinu 2018.
- Handbært fé frá rekstri nam 4.573 m.kr. í samanburði við 171 m.kr. á árinu 2018.
- Vaxtaberandi skuldir nettó námu 6.022 m.kr. í árslok 2019 til samanburðar við 8.834 m.kr. í árslok 2018 og lækkuðu um 2.812 m.kr. milli ára.
- Arðsemi eigin fjár var 15,0% samanborið við 19,0% á árinu 2018.
- Keypt voru eigin bréf á árinu fyrir 550 m.kr.
- Eigið fé þann 31.12. nam 9.823 m.kr. og eiginfjárlutfall var 40,2% í árslok í samanburði við 36,4% í árslok 2018.
- Gerð er tillaga um 600 m.kr. arðgreiðslu til hluthafa vegna ársins 2019 og afskráningu eigin bréfa félagsins.

**Leiðrétt fyrir áhrifum IFRS 16 og einskíptisliðum 2018

Stjórn og forstjóri Skeljungs samþykktu í dag ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2019. EBITDA ársins nam 3.422 m.kr. og hagnaður ársins nam 1.409 m.kr.

Á fundi sínum í dag ákvað stjórn félagsins að leggja fram á aðalfundi þann 5. mars 2020 tillögu um 600 m.kr. arðgreiðslu, sem nemur 0,28 krónum á hlut, afskráningu núverandi eigin bréfa félagsins og endurkaup á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé.

Horfur fyrir árið 2020

Félagið áætlað að EBITDA ársins 2020 verði á bilinu 3.400 – 3.700 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 700 – 800 m.kr.

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins 2019 miða við meðalgengi DKK/ISK 18,3.

Tölulegur samanburður milli ára

Allar tölur eru í milljónum ISK	Q4 2019	Q4 2018	Breyting	12m 2019	12m 2018	Breyting
Framlegð	2.046	1.844	11,0%	8.703	7.809	11,4%
EBITDA	512	360	42,3%	3.422	3.261	4,9%
EBIT	213	89	139,8%	2.329	2.373	-1,9%
Hagnaður	77	-1		1.409	1.573	-10,4%

Hlutföll

EBITDA framlegð	25,0%	19,5%	39,3%	41,8%
EBIT framlegð	10,4%	4,8%	26,8%	30,4%
Launakostn./framlegð	-42,1%	-35,5%	-32,0%	-27,2%
Sölu og dreif.kostn./framlegð	-29,1%	-36,5%	-24,8%	-27,9%
Rekstrarkostnaður/framlegð	-75,0%	-80,5%	-60,7%	-58,2%
Arðsemi eiginfjár			15,0%	19,0%

Árið 2019 í hnotskurn

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Skeljungs:

„Árið 2019 var mjög gott rekstrarár hjá Skeljungi og við erum ánægð með afkomu ársins, bæði á Íslandi og í Færeyjum. Sjóðstreymi ársins 2019 var sterkt og það náðist góður árangur í því að draga úr fjárbindingu samstæðunnar og lækka vaxtaberandi skuldir.

Helstu verkefni okkar á árinu 2020 verða tengd orkuskiptunum, þróun á smásöluhlutanum, þróun á fasteignum og lóðum ásamt því að ná betri samlegð út úr rekstri samstæðunnar. Sterk fjárhagsstaða Skeljungs skapar tækifæri til frekari fjárfestinga.“

Helstu tíðindi og áfangar á árinu 2019:

- Skeljungur kolefnisjafnaði allan rekstur sinn á Íslandi 2019 og hefur skuldbundið sig til þess að gera slíkt hið sama 2020.
- Orkan lagði af stað með stórátak í loftslagsmálum og bauð viðskiptavinum sínum upp á þann valkost að kolefnisjafna eldsneytiskaup sín hjá félaginu í gegnum Orku-lykla og kort á einfaldan og þægilegan máta. Verkefnið fékk gríðarlega góðar undirtektir, en á u.þ.b. sex mánuðum höfðu rúmlega 5.000 viðskiptavinir skráð sig í kolefnisjöfnuð viðskipti hjá Orkunni. Með þessu frumkvæði varð Skeljungur fyrsta olíufélagið á Íslandi til þess að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þann valkost að kolefnisjafna eldsneytiskaup sín beint við kaup.
- Skeljungur undirritaði loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu. Með undirrituninni staðfestir Skeljungur að við ætlum okkur að: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.
- Magn fór í samstarf með færeyskum lífeyrissjóðum um uppbyggingu á vindmyllugarði í Færeyjum.
- Olíubirgðastöð Skeljungs í Örfirisey hlaut ISO 9001 vottun.
- Markaðsherferðir Orkunnar voru tilnefndar til Lúðursins, FÍT verðlaunanna og alþjóðlegra The One Show verðlauna.
- Skeljungur festi kaup á öllu hlutafé Basko ehf. og tók þátt í hlutafjárukningu í Heimkaupum.

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjors félagsins verður haldinn 14. febrúar í höfuðstöðvum Skeljungs, Borgartúni 26, 8. hæð, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Árni Pétur Jónsson, forstjóri, og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjorið og helstu þætti úr rekstrinum. Að fundi loknum gefst fundargestum tækifæri til þess að ræða við stjórnendur félagsins.

Kynningarefni af fundinum verður jafnframt gert aðgengilegt á heimasíðu Skeljungs, <https://www.skeljungur.is/fyrir-fjarfesta>.

Fjárhagsdagatal 2020

Aðalfundur 2020: 5. mars 2020

Uppgjör 1. ársfjórðungs 2020: 5. maí 2020

Uppgjör 2. ársfjórðungs 2020: 18. ágúst 2020

Uppgjör 3. ársfjórðungs 2020: 27. október 2020

Uppgjör 4. ársfjórðungs 2020 og ársuppgjör 2020: 4. febrúar 2021

Aðalfundur 2021: 4. mars 2021

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Ársreikningur 2019

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr samstæðureikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 13. febrúar 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess.

Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikningana og áritað án fyrirvara.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

* * *

Nánari upplýsingar veitir Árni Pétur Jónsson, forstjóri, fjarfestar@skeljungur.is.

Skeljungur er orkufyrirtæki sem selur vörur og þjónustu á Íslandi, í Færeyjum og á Norður-Atlantshafinu. Meginstarfsemi félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum og smásala. Félagið starfrækir 76 eldsneytisstöðvar og 6 birgðastöðvar á Íslandi og í Færeyjum. Auk þess selur félagið áburð og efnavörur á Íslandi og rekur verslanir og þjónustar og selur olíu til húshitunar í Færeyjum. Viðskiptavinir Skeljungs spanna frá einstaklingum til fyrirtækja, í sjávarútvegi, landbúnaði, flutningum, flugi og til verktaka. Starfsemin er rekin undir merkjunum Skeljungur, Orkan, Kvikk og Magn. Meginmarkmið Skeljungs er að þjóna orkupörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>